

júní | 2023

SOS- BLAÐIÐ

SOS BARNAPORPIN
Á ÍSLANDI

Sesselja og Halldór
heimsóttu styrktarbarnið
sitt til Perú

Bls. 3

Ætlaði í bifvélavirkjun
en opnaði saumastofu

Bls. 7



Finnst við lánsöm að eignast barn á Íslandi

Jakob og Vanda gerðust SOS-foreldrar eftir að þau
eignuðust fyrstu börnin sín

Bls. 4

EITT AF HVERJUM TÍU BÖRNUM

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau eru að alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf SOS Barnaþorpanna snýst um að breyta þessu.

Tilfinningaleg tengsl foreldra við börn geta breytt heiminum

138



SOS Barnaþorpin starfa í 138 löndum

44%



44% barnanna eru í samskiptum við skyldmenn sína. Öll börn eiga rétt á umönnun og vörn, jafnvel þó kynforeldrar þeirra geti ekki séð fyrir þeim.

85%



85% gengur vel í námi

1,4 m



Neyðaraðstoð SOS náði til 1,4 milljóna manna árið 2022

22.000



Um 22.000 Íslendingar styrktu SOS á árinu 2022

9.150



Um 9.150 börn og ungmenni eiga íslenska SOS-foreldra

512.000



512.000 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafátækt fá betra líf í fjölskylduefingu SOS.

2,55 m



Hjálparstarf SOS náði til 2,55 milljóna manna árið 2022

69.200



69.200 börn og ungmenni búa í barnaþorpum og sambærilegri fjölskylduumönnun SOS

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 564 2910
sos@sos.is
www.sos.is

SOS BARNAPORPIN FRÉTTABLAÐ

1. tölublað - 29. árgangur - júní 2023.

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi.

Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason.

Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram.

Prófarfalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Forsíðumynd: Hans Steinar Bjarnason.

Umbrot: Hjördís Ómarsdóttir.

Prentun: Prentmet Oddi.



Frá framkvæmdastjóra

Kæri viðtakandi

Ímyndaðu þér þetta:

Þú ert munaðarlaust barn í einu fátækasta ríki heims. Ættingjar þínir geta ekki eða vilja ekki taka við þér. Hvað gerir þú?

SOS Barnaþorpin voru stofnuð fyrir þessi börn í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Við tókum börnin að okkur, útvegum þeim heimili, SOS-móður eða -föður, systkini, menntun og allt annað sem þau þurfa til að geta lifað góðu lífi og orðið sterkir, sjálfstæðir einstaklingar.

Og einstaklingar eins og þú geta verið með í þessu ævintýri með því að taka þátt í að greiða kostnaðinn við framfærslu barnanna.

Samhliða þessu hjálpum við líka börnum sem búa hjá sárafátækum foreldrum sínum. Við tókum fjölskylduna „að okkur“ í nokkur ár, hjálpum þeim að efla fjölskylduna og koma í veg fyrir aðskilnað barna og fjölskyldna.

Í fyrra studdu á þriðja tug þúsunda Íslendinga SOS Barnaþorpin.

Ef þú ert í þeim hópi, þá segjum við „Hjartans þakkir“. En ef ekki, þá bjóðum við þér að slást í hópinn og mynda eina stærstu fjölskyldu heims: fyrir börnin!

Hvorum hópnum sem þú tilheyrir, þá er þetta blað fyrir þig.

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi.



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.



Heimsóttu styrktarbarn sitt í Perú

SOS-foreldrar geta heimsótt styrktarbörn sín í barnaþorpinn og það er stór stund í lífi barnanna þegar þau fá slíkar heimsóknir. Hjónin Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir og Halldór Eyjólfsson létu þann draum sinn rætast í nóvember sl. þegar þau heimsóttu styrktarbarn sitt til 19 ára í Perú.

Það má segja að aðdragandi ferðarinnar hafi byrjað fyrir 19 árum eða þegar við komumst fyrst í kynni við SOS Barnaþorpin. Nokkrum vikum eftir að frumburðurinn fæddist, í ágúst árið 2003, var Sesselja að spjalla við leiðbeinanda sinn í doktorsnáminu sínu og barst talið að SOS Barnaþorpinum. Leiðbeinandi hennar hafði þá nýverið hafið að styrkja unga stelpu í Afríku. Við vorum nýbakaðir foreldrar og okkur langaði að láta gott af okkur leiða og stuðningur við SOS átti sérstaklega vel við. Rétt fyrir jólin 2003 fengum við fyrstu fréttir af drengnum sem við erum svo lánsöm að fá að styrkja. Hann heitir Jose og var bara nokkurra vikna. Móðir hans lést við barnburð og hann kom í SOS barnaþorpið í Cusco í Perú aðeins tveggja vikna gamall. Það er ólýsanleg gleði sem fylgdi því að fá senda mynd af litla sæta drengnum og upplýsingar um fósturfjölskylduna. Þrátt fyrir mikla fjarlægð hefur Jose verið á fjölskylumyndaveggnum og alltaf rætt um hann innan okkar fjölskyldu sem hluta hennar. Í gegnum árin hafa fréttabréf og myndir glatt okkur mjög og það er dýrmætt að geta þannig fylgst með uppveiti Jose og ómetanlegu starfi SOS Barnaþorpanna.

Í byrjun Covid-faraldurs ákváðum við fjölskyldan að fara til Perú í sumarleyfi og heimsækja Jose áður en hann yrði 18 ára. Stefnan var sett á júlí 2021 en því miður varð að fresta þeim áforunum þar sem faraldurinn var enn með heiminn í heljargreipum. Í nóvember 2022 gafst svo færi til að láta drauminn rætast en því miður komust strákarnir okkar ekki með því að þeir eru báðir í skóla.

Töluðu saman með hjálp Google-translate

Perú er magnað land og á þessum 10 dögum heimsóttum við helstu ferðamannastaði en hápunktur ferðarinnar var þó í lokin þegar við gátum loks heimsótt Jose og hans fjölskyldu í úthverfi Cusco. Þegar við komum inn í þorpið mætti okkur afar hlýtt viðmót og gagnkvæm tilhlökkun. Heimilið var mjög snyrtilegt og nærumhverfið fallegt. Jose og móðir hans ræddu við okkur með hjálp Google translate og



Halldór og Sesselja ásamt José og SOS mömmu hans.

gekk það ljómandi vel. Jose er opinn og skemmtilegur strákur og mamma hans sýndi okkur stolt myndir og myndbönd af honum þegar hann var lítill. Við hittum einnig öll systkini hans, sem eru á aldrinum 7-16 ára, og voru þau ansi forvitin um þessa framandi gesti. Strákarnir okkar höfðu útbúið myndband til að senda Jose á spænsku og ensku þar sem þeir sögðu frá sér og hann sendi þeim myndband til baka.

Körfubolti og matreiðsla

Jose er orðinn flottur ungur maður, hann hóf nám í háskóla í viðskiptum og stjórnun en hætti vegna þess að honum fannst það ekki nógu áhugavert. Hann ætlar að fara í nám í matreiðslu og á sér þann draum heitastan að opna veitingahúsaðeju í Perú, því hann veit fátt skemmtilegra en að elda fyrir fjölskyldu og vini. Hann er líka fyrirliði í háskólaliðinu í körfubolta og var að fara í sína fyrstu ferð utan Cusco til að keppa á móti í Lima. Hann er því á engan hátt ólíkur íslensku „bræðrum“ sínum og vill elta sína drauma. Við munum styðja hann áfram á þeirri vegferð svo hann geti sjálfur skapað sér bjarta framtíð og þannig styrkt sitt eigið samfélag.

Í þessari ferð gafst okkur tækifæri til að sjá með eigin augum hversu mikilvægt starf SOS Barnaþorpanna er og afrakstur þess. Við heimkomuna ákváðum við að stækka „heimsfjölskylduna“ okkar og nú styrkum við einnig tvo unga drengi frá Zimbabwe. Stefnan er sett á heimsókn þangað árið 2040.

Sesselja og Halldór




José ásamt SOS fjölskyldunni sinni.



Finnst við lánsöm að eignast barn á Íslandi

Oft er sagt að það breyti sýn fólks á lífið að eignast barn. Við viljum börnunum okkar það besta og vitum að þau þurfa ást og umhyggju sinna nánustu til að dafna. Við vitum líka að mörg börn eru ekki svo heppin að eiga góða að. Hjónin Jakob Frímann Þorsteinsson og Vanda Sigurgeirsdóttir höfðu nýlega eignast tvö elstu börnin sín um aldamótin þegar þau ákváðu að skrá sig sem SOS-foreldra lítils drengs í SOS barnaþorpi í Bangladess.



„Við eignuðumst tvö eldri börnin okkar árin 1998 og 2000 og ákváðum í framhaldinu að styðja barn hjá SOS. Okkur fannst við lánsöm að eignast barn á Íslandi og langaði að styðja við barn sem hefði ekki sömu uppeldisskilyrði og okkar börn. Okkur fannst þetta táknrænt og við vildum nota tækifærið til að láta gott af okkur leiða.“

Í gegnum upplýsingabréf og myndir fylgdist fjölskyldan með uppvexti drengsins í 19 ár eða þangað til hann flutti úr barnaþorpinu. „Svo var hann orðinn fullorðinn og farinn að standa á eigin fótum. Við vildum samt halda áfram og styðjum nú við annan dreng frá sama landi. Báðum hefur þeim vegnað vel og það er alltaf gaman að lesa um framfarir þeirra og þroska. Við finnum fyrir þakklæti alla leið frá Bangladess.“

Mesta sorgin að börnin okkar áttu ekki ömmu og afa

Höfuðáherslan í starfi SOS Barnaþorpanna í tugji ára hefur verið á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju. Það er staðreynd að mikilvægt er að mynda tengsl við börnin okkar og barna-

„Við höfum því fundið það á eigin skinni hversu dýrmætt það er fyrir börnin að eiga tengsl og hversu vont það er að eiga þau ekki.“

börn því það byggir dýrmætan grunn að framtíð barnanna. Jakob og Vanda skynja sterkt þessa tengingu við SOS Barnaþorpin. Þau misstu bæði foreldra sína of snemma til að börn þeirra hjóna næðu að mynda þessi tengsl við ömmur sínar og afa.

Okkur finnst við hafa misst foreldra okkar allt of snemma. Þetta er mesta sorgin í lífi okkar og við foreldrarnir erum sorgmædd fyrir hönd barnanna okkar að hafa þetta dásamlega fólk ekki í lífi okkar. Við höfum því fundið það á eigin skinni hversu dýrmætt það er fyrir börnin að eiga tengsl og hversu vont það er að eiga þau ekki. Þetta hefur sannfært okkur enn frekar um að styðja við barn hjá SOS, því mörg þeirra barna áttu engan að en öðluðust tengsl í barnaþorpunum – tengsl sem geta breytt lífi þeirra.

Er um að gefa barni tækifæri

Allur gangur er á því hvort SOS-foreldrar myndi tengsl við styrktarbörnin sín, skrifi þeim bréf eða sendi gjöf. Vanda og Jakob hafa eins og flestir látið duga að fylgjast með úr fjarlægð. Einna algengast er að gefa börnunum peningagjöf inn á framtíðarreikning

”

„Þetta eru fjármunir sem við greiðum með mikilli gleði um hver mánaðarmót því við erum að gefa barni tækifæri sem það á ekki kost á nema með stuðningi.“



Drengurinn sem Jakob og Vanda styrktu í 19 ár.

barnsins við tilefni eins og afmæli og á jólum. Sá sjóður rennur óskertur til styrktarbarnsins sem fær hann afhentan þegar það flytur úr barnaþorpinu og fer að standa á eigin fótum á fullorðinsárunum. Mánaðarlegu framlögnum er svo varið í framfærslu barnanna.

„Þetta eru fjármunir sem við greiðum með mikilli gleði um hver mánaðarmót því við erum að gefa barni tækifæri sem það á ekki kost á nema með stuðningi.“

Auk þess treystum við SOS og öllu því hugsjónafólki sem þar starfar til að gera þetta vel. Með þessu litla framlagi er hægt að gera heiminn aðeins betri.“

Dregur úr stuðningi á erfiðum tímum

Yfir 9.100 börn og ungmenni í 109 löndum fá stuðning SOS-foreldra á Íslandi en alls eru 69.200 börn og ungmenni í umsjón og á framfæri SOS í yfir 130 löndum. Heimurinn fæst nú við afleiðingar Covid-19 og stríðsins í Úkraínu og víða kreppir að með þeim afleiðingum að margir neyðast til að láta af stuðningi við hin ýmsu góðgerðarmál. Slíkt er skiljanlegt en Jakob og Vanda hvetja þá sem það mögulega geta að halda tryggð við sín málefni.

„Við höfum alltaf verið þakklát fyrir það tækifæri sem SOS Barnaþorpin veita okkur – að geta haft áhrif á líf barna langt í burtu. Við viljum halda stuðningi okkar áfram og hvetjum fólk til að gera það sama sé þess nokkur kostur. Þetta eru lágar fjárhæðir fyrir okkur Íslendinga sem margfaldast í virði í fátækari löndum. Við dáumst að þessu þróttmikla og mikilvæga starfi og erum stolt af því að geta lagt því lið. Við viljum bara skora á alla sem geta að styðja barn hjá SOS.“

Viðtal og myndir: Hans Steinar Bjarnason



VERTU SOS-FORELDRI - SOS.IS



Ekki standa allar óskir

ÖNNU &
SIGURÐAR

skrifaðar í skýin

Þess vegna gerðu þau erfðaskrá

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von
Fjöldi umkomlausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna.

Sími: 5642910 // sos@sos.is

www.erfdagjof.is

Verkefnin okkar



SOS Barnaþorpin eru fyrst og fremst barnahjálpar-samtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. En starfsemi SOS er þó mun víðtækari enda er útbreiðsla samtakanna mjög mikil og áratuga reynsla og þekking hefur áunnist. Samtökin vinna líka almennt mannúðarstarf, svo sem neyðar-, og þróunaraðstoð og umbótaverkefni, allt í þágu barna og velferðar þeirra.

Þegar þú gefur stakt framlag til SOS Barnaþorpanna, t.d. með frjálsum framlagi á sos.is eða með því að greiða valkröfu í heimabanka, gerirðu SOS á Íslandi kleift að fjármagna svona verkefni. Alls styrktu um 22 þúsund Íslendingar SOS Barnaþorpin á árinu 2022. Rammasamningur við Utanríkisráðuneytið og „A Home for a home“ samstarf við Heimstaden vega einnig þungt í þeim efnum og í dag eru verkefni í fimm löndum í Afríku á vegum SOS á Íslandi.

Fjölskylduefning

SOS á Íslandi fjármagnar fjölskylduefningu í Éþiþþíu, Malaví og Rúanda. Verkefnið er lengst komið í Éþiþþíu þar sem við fylgjum ósjálfbjarga barnafjölskyldum upp úr sárafátækt, alls 566 foreldrum og 1611 börnum. Þessar fjölskyldur útskrifast nú hver af annarri og eru orðnar fjárhagslega sjálfstæðar. **Stærsti ávinningurinn er að tekist hefur að koma í veg fyrir að fjölskyldurnar sundrist og börnin**

verði umkomulaus. Á baksíðu þessa fréttablaðs má sjá umfjöllun um einstæða móður í verkefninu okkar sem rekur í dag farsælt fjölskyldufyrirtæki. Einnig er nýhafin fjölskylduefning okkar í Malaví og Rúanda.



Ég heiti Jóhanna* og bý í Lomé, höfuðborg Tógó. Mamma og pabbi eru skilin og ég bjó hjá pabba þegar nágranni nauðgaði mér í september 2020. Ég var 16 ára. Þegar ég kom til að afhenda honum mat sem hann hafði beðið mig um að sækja út í búð lokaði hann hurðinni á herbergi sínu og nauðgaði mér. Það var enginn heima og enginn heyrði í mér þegar ég barðist um. Ég hafði aldrei stundað kynlíf en þarna varð ég ólétt. Pabbi reiddist og rak mig að heiman

svo ég flutti til mömmu. Okkar sambúð gekk illa til að byrja með og ég mátti þola mikla niðurlægingu og móðganir af hennar hálfu. Mér leið illa. Ég vildi hætta í skólanum og ekki eiga barnið. En allt breyttist eftir að starfsmaður SOS Barnaþorpanna kom í skólann dag einn og skólastjórinn benti honum á mig. Við mamma fengum báðar sálfræðiaðstoð og samband okkar er miklu betra í dag. Ég fékk lækniástoð og hef líka notið góðs af stuðningi SOS áður og eftir að ég eignaðist dóttur mína. Ég er komin með hugrekki aftur til að mæta í skólann og ég er að ná öllum prófum með glans. Ég er svo þakklát SOS Barnaþorpunum fyrir að gefa mér vonarglætu.

*Skáldað nafn af persónuverndarástæðum

Jóhanna* og móðir hennar eru meðal skjólstaðinga þróunarverkefnis okkar í Tógó. Verkefnið miðar að því að styðja barnafjölskyldur og samfélagið í forvörnum gegn kynferðislegri misneytingu á börnum, einkum stúlkum. Verkefnið felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, stuðning og umönnun barna sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi með áherslu á að halda ungum stúlkum í skóla. Foreldrar í Tógó þekkja oft ekki skilgreininguna á kynferðislegri misnotkun og því er fræðsla stór þáttur í verkefninu. Öll markmið verkefnisins fyrir árið 2022 náðust og sex kynferðisbrotamenn voru sóttir til saka.



Abdikadir Mohamed er 22 ára og flutti til Hargeisa, höfuðborgar Sómalílands, í leit að betra lífi. Hann kom fótgangandi 500 km leið úr sveitinni til að elta draum sinn að læra bifvélavirkjun. Námið var hins vegar ekki í boði í landinu og þá voru góð ráð dýr. Abdikadir fékk enga vinnu og langvarandi atvinnuleysi blasti við honum þar til hann heyrði af *atvinnueflingu unga fólksins* á vegum SOS Barnaþorpanna. Hann sótti námskeið í frumkvöðlafræði og lærði til klæðskera sem reyndist liggja vel fyrir honum.

Abdikadir er harðduglegur og opnaði saumastofu sem gengur ljómandi vel. Á þeim örfáu mínútum sem

undirritaður ræddi við Abdikadir inni á saumastofunni í vettvangsheimsókn í mars sl. komu þrír viðskiptavinir. „Ég vinn frá morgni til kvölds og það er mikið að gera. Viðskiptavinirnir eru ánægðir því ég stend við mitt og er tilbúinn með fötin á uppgefnum tíma. Svo er ég nokkuð fær í þessu þó ég segi sjálfur frá þannig að fólkið kemur aftur,“ segir Abdikadir sem hefur ráðið tvo aðstoðarmenn. Hann sér þetta þó ekki fyrir sér sem framtíðarstarf heldur skref í þá átt að láta drauminn rætast, safna sér pening fyrir námi í bifvélavirkjun og opna svo verkstæði.

Viðtal og myndir: Hans Steinar Bjarnason

Yfir 70% atvinnuleysi er meðal ungmenna undir þrítugu í Sómalíu þar sem ófriður hefur ríkt í mörg ár. Hryðjuverkahópar hafa lengi unnið gegn friði og öryggi og slíkir hópar reyna m.a. að höfða til atvinnulausra ungmenna. Verkefnið, The Next Economy, Atvinnuhjálp unga fólksins í Sómalíu og Sómalílandi, gengur út á að þjálfa ungt fólk svo það geti fengið vinnu eða stofnað eigin fyrirtæki. Verkefnið er fjármagnað af styrktaraðilum SOS á Íslandi og Utanríkisráðuneytinu.



Sjáðu myndband frá heimsókn okkar á saumastofu Abdikadir.



Sólblómaverkefnið er samstarfsverkefni SOS Barnaþorpanna og leikskóla á Íslandi þar sem börnin fá að læra um líf barna og réttindi þeirra víðs vegar um heiminn og hvernig við getum hjálpast að við að gera heiminn að betri stað fyrir börn.

– „Besta verkefnið sem við erum að nota í leikskólanum“

Deildarstjóri í sólblómaleikskóla

Frekari upplýsingar hjá fræðslufulltrúa SOS Barnaþorpanna:

[hjordan@sos.is](mailto:hjordis@sos.is)





Fjölskylduefling SOS



Úr sárafátækt í múrsteinaframleiðslu

Medina er einstæð fjögurra barna móðir í Epíopíu. Eftir að eiginmaður hennar lést stóð Medina eftir ein með börnin og engar tekjur. Árið 2018 var staða fjölskyldunnar orðin svo alvarleg að börnin fengu ekki grunnþörfum sínum mætt. Medina fékk þá inngöngu í fjölskyldueflingu sem SOS á Íslandi fjármagnar og þremur árum síðar hafði henni tekist að snúa stöðunni við með glæsibrag.

Lestu nánar um Medinu og sjáðu myndband með viðtali við hana á sos.is



Sem SOS-fjölskylduvinur styðurðu fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna sem kemur í veg fyrir að börn verði foreldralaus. Við tökum fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr sárafátækt svo þær getið staðið á eigin fótum og veitt börnunum bjarta framtíð.

Fjölskylduefling SOS er tilvalin styrktarleið fyrir þá sem langar að láta gott af sér leiða fyrir lægri fjárhæðir. Framlög Íslendinga margfaldast á verkefnasvæðum okkar í Epíopíu, Malaví og Rúanda.

Taktu þátt og vertu SOS-fjölskylduvinur á sos.is!